

Fundur náttúruverndarnefndar Þingeyinga 10. apríl 2018

Fundargerð nr. 2-2018

Kl. 14:00 Mættir: Þorkell Lindberg Þórarinsson, og Gréta Bergrún Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð. (Ásvaldur Ægír Þormóðsson boðaði forföll með skömmum fyrirvara og varamaður komst ekki).

1. Skógrækt í landi Hlíðskóga

Fyrir nefndinni lá erindi frá Þingeyjarsveit varðandi fyrirhugaða skógrækt í landi Hlíðskóga, ósk um umsögn. Nefndin kynnti sér fyrirbyggjandi gögn og bókaði eftirfarandi:

Ekki er víst undir hvaða landnýtingarflokk Vallaey fellur í gildandi aðalskipulagi Þingeyjarsveitar en eyjan er merkt sem vatn. Í aðalskipulagi Þingeyjarsveitar stendur: Áhersla er lögð á að skógar falli sem best að landslagi og að með skógrækt sé mikilvægum búsvæðum, náttúrumínum og þjóðmínum ekki raskað. Á einum stað er talað um að skógrækt sé talin heppilegri í halla en á flatlendi. Þá er einnig sett fram stefna í aðalskipulaginu um að ræktað land verði ekki skert heldur verði áfram nýtt til landbúnaðar.

Að mati Náttúruverndarnefndar fellur fyrirhuguð skógrækt í Vallaey og í landi Hlíðskóga ekki að þessum áherslum. Nefndin telur að ásynð umhverfisins breytist mikið við svo umfangsmikla skógrækt m.a. þar sem ræktunin er á flatlendi í botni dals og falli því illa að landslagi. Þá telur nefndin að skógrækt eigi ekki við í eyju í miðri jökulá í aðkomuleið miðhálandis Íslands og Vatnajökulspjóðgarðs, sérstaklega þegar gert er ráð fyrir ræktun erlendra trjátegunda. Hluti þess lands sem ætlað er undir skógrækt í landi Hlíðskóga liggur á ræktuðu landi og skerðir þannig svæði til landbúnaðarframleiðslu. Undirlendi er almennt af skornum skammti í Bárðardal en slík svæði geta verið mikilvæg varpsvæði fugla. Engar upplýsingar liggja fyrir um varp fugla í eygni eða áhrif á lífverur og litlar upplýsingar um gróðurfar almennt.

2. Seyrulosunarsvæði á Hólasandi

Nefndinni barst til kynningar skipulags- og matslýsing vegna fyrirhugaðar breytingar á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 þar sem gert er ráð fyrir nýju seyrulosunarsvæði á Hólasandi. Nefndin fjallaði um þau gögn sem hún fékk send frá Skútustaðahreppi og bókaði eftirfarandi:

Í tengslum við mat á umhverfisáhrifum aðalskipulagsbreytingarinnar bendir Náttúruverndarnefnd Þingeyinga á mikilvægi þess að gerð verði vöktunaráætlun um mat á áhrifum á vatnsgæði. Í henni þurfi einnig að horfa til Sandvatns og vatnsvæðis Laxár í Laxárdal, ekki einungis til Mývatns. Þá telur nefndin að lífríki á losunarsvæði þurfi að vera meðal þeirra umhverfisþátta sem skoðuð verða áhrif á.

Að öðru leyti gerir nefndin ekki athugasemdir við aðalskipulagsbreytinguna.

3. Breytingar á deili- og aðalskipulagi Skútustaðahrepps v/jarðbaða

Nefndinni barst erindi frá Skútustaðahreppi varðandi tillögu að deiliskipulagi og breytingu á aðalskipulagi vegna Jarðbaðanna í Mývatnssveit, ósk um umsögn. Nefndin kynnti sér og fjallaði um þau gögn sem fylgdu erindinu og bókaði eftirfarandi:

Mikilvægt að varðveita hentug búsvæði jarðhitagróðurs og að þeim gróðri sé ekki raskað meira en nauðsyn krefur innan deiliskipulagssvæðisins. Þá leggur nefndin til að virkt eftirlit verði haft með framkvæmdum svo jarðvinnutæki verktaka og aðrar framkvæmdir eyðileggi ekki þessi búsvæði. Nefndin leggur til að farið verði í mótvægisáðgerðir vegna eyðingu jarðhitagróðurs sem feli í sér að verja hann geng ágangi annars staðar, t.d. norðan Þjóðveggar þar sem lúpína sækir að útbreiðslusvæði naðurtungu. Jarðhitagróður er ekki bara sérstakur á landsvísu, eins og segir á bls. 21 í tillögu að greinargerð deiliskipulags, heldur á heimsvísu. Naðurtunga finnst hvergi annars staðar í heiminum en á Íslandi og Azoreyjum. Merkja þarf útbreiðslusvæði jarðhitagróðurs innan deiliskipulagsins svo hann raskist ekki við framkvæmdir í nálægð við framkvæmdarsvæði.

Samkvæmt tillögu að greinargerð um deiliskipulag er ekki ljóst hvað verður um grávatn sem fer niður í núverandi borholu. Fram kemur í greinargerðinni að staðið hafi til að fara í ferilvöktun á því hvert vatnið úr borholunni fer haustið 2017. Mikilvægt er að niðurstöður þessara rannsókna liggja fyrir áður en deiliskipulag er afgreitt og kallar nefndin eftir þeim. Óásættanlegt er ef efnaríkt grávatn frá starfsemi rennur út í grunnvatn sem skilar sér í lindum við austanvert Mývatn.

Fundargerð lesin og fundi slitið 16.30